



Námsgögn skólaárið 2017 - 2018

Upplýsingar til foreldra nemenda í Kópavogsskóla

Samþykkt bæjarstjórnar 13. júní 2017

„Menntaráð fagnar frumkvæði grunnskóla í Kópavogi að lækka ritfangakostnað fjölskyldna vegna skólagöngu barna. Það er velferðarmál að dregið sé úr kostnaði við skólagöngu barna eins og unnt er og vel sé hlúð að börnum og fjölskyldum þeirra.

Menntaráð áréttar bókun skólanefndar á fundi dags. 3. október 2016 varðandi lækkun ritfangakostnaðar og mælir með að bæjarstjórn samþykki tillögu þess efnis að grunnskólarnir fari í aðgerðir við að lækka ritfangakostnað. Í þeim tilgangi verði hvatt til þess að grunnskólarnir skipuleggi m.a. sameiginleg innkaup í samstarfi við foreldra. Miðað verði við að kostnaður vegna hvers nemanda verði ekki hærri en 4000 kr. á næsta skólaári 2017 -2018.“

Könnun í Kópavogsskóla

Kópavogsskóli gerði könnun á vilja foreldra til að skólinn sjái um námsgagnakaup fyrir nemendur. Könnunin var send í netpósti til foreldra í 1. - 7. bekk. 176 svör bárust þar sem fram kemur að langflestir eru hlyntir því (eða sama hvort) að skólinn sjái um námsgagnakaup fyrir nemendur eða allt frá 84% - 100% foreldra í árgangi.

Niðurstaða

Skólinn í samstarfi við foreldrafélag skólans mun sjá um kaup á námsgögnum fyrir 1. - 7. bekk. Um er að ræða magnkaup skólans á skærum, lími, blýöntum, strokleðrum, yddara, möppum, stílabókum, úrklippubókum og reiknisbókum. Foreldrar greiða 4000 kr. fyrir hvert barn sitt í 1. - 7. bekk og verður nánar greint frá því hvernig þeirri greiðslu verður háttað. Um er að ræða magnkaup skólans og gert er ráð fyrir að fyllt verði á birgðar í stofum þegar þurfa þykir.

Eins og áður munu foreldrar sjá um íþrótt- og sundfatnað ásamt skólatösku, en auk þess þurfa nemendur heyrnartól og netplastvasa með rennilás sem passa utan um heyrnartólin. Myndir með ábendingum um val heyrnartóla má finna hér:

<https://goo.gl/photos/abXUJwssiHaA5gts7>

Sem sagt:

- Íþróttafatnaður
- Sundfatnaður
- Handklæði
- Íþróttapoki/taska
- Heyrnartól og netplastvasi með rennilás
- Skólataska

kemur því í hlut foreldra/forráðamanna að sjá um fyrir næsta skólaár.

Hafið það gott í sumar

Skólastjórnendur